

**Sp.**

**612. Fyrirspurnir.**

[294. mál]

- I. Til félagsmálaráðherra varðandi framkvæmd laga nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Guðmundi Bjarnasyni og Stefáni Valgeirssyni.

1. Hver er réttur þeirra, er landbúnað stunda, til lántöku hjá Byggingarsjóði ríkisins:
  - a) vegna nýbygginga,
  - b) vegna kaupa á eldra húsnæði,
  - c) vegna útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, viðbyggingar og endurbóta og orkusparandi aðgerða?
2. Gilda sömu ákvæði um stærð staðalíbúða og flokkun umsækjenda í lána-flokka, sbr. 35. gr. laganna, gagnvart umsækjendum í kaupstöðum annars vegar og sveitum hins vegar?
3. Geta byggingar íbúðarhúsnæðis á lögbýlum fallið undir ákvæði laganna um byggingu verkamannabústaða?

- II. Til menntamálaráðherra um stundakennara Háskóla Íslands.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hversu margir stundakennarar við Háskóla Íslands gegna föstu starfi hjá stofnunum ríkisins, þar með talin ráðuneyti og þjónustufyrirtæki?